

TILSKIPUN

um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslenzku forráðasviði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð ekki eru til reglur um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslenzku forráðasviði, en Vér hins vegar teljum þörf á að slík ákvæði verði sett, viljum Vér hér með fyrirskipa eftirfarandi reglur:

I. KAFLI

Erlend herskip.

1. gr.

Herskipum erlendra ríkja, sem ekki eiga í ófriði, er frjálst að koma á íslenzkar hafnir og í aðra íslenzka landhelgi, enda hafi koma þeirra verið fyrirfram tilkynnt opinbera boðleið, og ekki annað ákveðið í sérstökum dæmum. Þó skal ekki fleirum en þremur herskipum sama ríkis, heimilt að dvelja í sömu íslenzkri höfn, og ekki má dvöl herskips í höfn vera lengri en 15 dagar.

Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, er hægt að gera með sérstöku leyfi, fengnu opinbera boðleið.

2. gr.

Undanþegin ákvæðum 1. greinar eru:

- a) herskip, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinberan fulltrúa hans, svo og þau skip, er því fylgja, endu séu þau ekki fleiri en þrjú,
- b) herskip, sem lenda í sjávarháská,
- c) herskip, sem ætluð eru einungis til eftirlits með fiskveiðum eða til vísindalegra rannsókna,
- d) herskip, sem sigla viðstöðulaust gegnum íslenzka landhelgi (passage inoffensif).

3. gr.

Erlendu herskipi er óheimilt að framkvæma sjómælingar eða dýptarmælingar, (aðrar en þær, sem nauðsynlegar eru skipinu á ferð þess), og að halda hvers konar heræfingar í íslenzkri landhelgi eða á íslenzku landi.

Erlendur kafbátur skal jafnan vera ofansjávar, meðan hann heldur sig innan íslenzkrar landhelgi.

4. gr.

Erlendu herskipi er skylt að fylgja á íslenzku forráðasviði, gildandi ákvæðum um hollustuháttu, hafnsögu og tollgæzlu.

5. gr.

Erlendum herskipum er skylt að leggjast við akkerisfestar á þann stað í íslenzkri höfn, eða skipalægi, er hlutaðeigandi hafnaryfirvöld, ef til eru, benda þeim á, og er samkvæmt beiðni skylt að flytja sig til í höfn eða skipalægi, eftir nánari tilvísun.

Leyfi, sem gefin hafa verið erlendum herskipum, til að dvelja í íslenzkri höfn, eða á íslenzku skipalægi, eru afturkallanleg hvenær sem er.

6. gr.

44

Áhöfn erlends herskips, sem liggur í íslenzkri höfn, er óheimilt að bera vopn í landi, þó skal liðsforingjum, undirforingjum og liðsforingjaefnum heimilt að bera þau vopn í landi, er tilheyra einkennishúningi þeirra.

II. KAFLI

Erlend herloftför.

7. gr.

Erlendum herloftförum er bannað að koma á íslenzkt forráðasvið, nema samkvæmt áður fengnu leyfi opinbera boðleið. Undanþegin ákvæðum þessarar greinar eru:

- a) loftfar, sem flytur erlendan þjóðhöfðingja eða opinbera fulltrúa hans, svo og þau loftför, er því fylgja, endu séu þau ekki fleiri en þrjú,
- b) loftfar, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, er það dvelst í eða siglir um íslenska landhelgi,
- c) loftfar, sem er í háska statt.

8. gr.

Loftfari, sem haft er meðferðis á erlendu herskipi, sem dvelst í eða siglir um íslenska landhelgi, er óheimilt að hefja sig til flugs á íslenzku forráðasviði, nema að fengnu leyfi samkvæmt undanfarandi grein, og skulu með leyfisbeiðni fylgja þær upplýsingar, er getur í næstu grein hér á eftir.

9. gr.

Beiðni um leyfi það, sem um ræðir í 6. grein, skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Tölu þeirra herloftfara, er taka eiga þátt í fluginu.
2. Tegund og einkenni loftfaranna.
3. Ráðgerða leið yfir íslenzkt forráðasvið.
4. Staði þá, sem ráðgert er að heimsækja.
5. Komu- og brottfarartíma.
6. Sé um loftför með þráðlausum firðritunar- eða firðtalstækjum að ræða, skulu tilgreind hin ýmsu kallmerki.
7. Áhöfn og tölu hennar.
8. Vopnaútbúnað loftfaranna.
9. Myndataeki, sem loftför hafa meðferðis.

10. gr.

Erlend herloftför skulu á íslenzku forráðasviði fylgja vandlega gildandi ákvæðum, sem sett eru til öryggis loftferðum.

Heimilt er að hafa í herloftfari vopn, án skothleðslna, svo og ljósmyndataeki án annars útbúnaðar til myndatöku.

Erlendum herloftförum er bannað að halda heræfingar á íslenzku forráðasviði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 24. júlí 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.